

Kennsluáætlun í textílmennt skólaárið 2020-2021

8. - 10. bekkur

Kennari: Erla Sigrún Einarsdóttir

Verkgreinakennsla í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Áherslurnar fyrir textílmennt eru annars vegar handverk, aðferðir og tækni og hins vegar sköpun, hönnun og útfærsla. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluáætlun:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera textílmennt að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Námsmat: Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Handverk, aðferðir og tækni

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.
- Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfagsefni og efnisfræði.
- Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnispörf.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyriræli í kennslustund.
- Sýnikennsla

Sköpun, hönnun og útfærsla

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Beitt skapandi gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.
- Skreytt textílvinnu á skapandi og persónulegan hátt.
- Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og einföld fyriræli í kennslustund.
- Sýnikennsla